

## Viðskipti Baugs og Gaums frá sjónarhorni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Í Morgunblaðinu hefur verið fjallað í fréttaskýringum um viðskipti tengdra aðila. Þeim hefur jafnan lokið með upptalningu á eignarhlut stórra lífeyrissjóða í umræddum hlutafélögum. Með framsetningunni situr lesandinn uppi með þá tilfinningu að lífeyrissjóðirnir beri ábyrgð á umræddum viðskiptum eða að lífeyrissjóðunum hafi láðst að gæta hagsmuna sjóðfélaganna. Til að taka af allan vafa er þessari grein alls ekki ætlað að halda því fram að Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) beri ekki einhverja ábyrgð sem hluthafi á að ekki hafi orðið eftirmál vegna viðskipta tengdra aðila. Greininni er hins vegar ætlað að skýra fyrir lesendum að lífeyrissjóðirnir hafa ekki með sér samráð um aðkomu að fjárfestingum í skráðum hlutafélögum. Jafnframt að skýra aðkomu LV sem hluthafa í Baugi vegna greinar sem fjallaði um viðskipti Gaums og Baugs með Vöruveltuna.

Þegar fjallað er um fjárfestingar lífeyrissjóða hendir marga til að nálgast viðfangsefnið sem um einn aðila sé að tefla. Það er mikil einföldun þar sem lífeyrissjóðirnir hafa ekki með sér samráð um aðkomu að skráðum hlutabréfum. Viðhorf eignastýringa lífeyrissjóðanna til einstakra hlutafélaga eru oft ólík sem endurspeglast í viðskiptum með einstök hlutafélög. Þannig ber að varast að leggja saman eignarhluti einstakra lífeyrissjóða í hlutafélögum og gefa sér að með samtölu eignarhlutanna hefði verið til staðar afl sem sameinað hefði haft áhrif á rekstur hlutafélags.

Í niðurlagi greinar um viðskipti Gaums og Baugs með Vöruveltuna sem birtist föstudaginn 12. desember s.l. segir: „Árið 1999 átti Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 3,1% hlut í Baugi og Lífeyrissjóður verzlunarmanna önnur 4,45%. Forsvarsmenn sjóðanna gerðu ekki athugasemdir við viðskiptin á opinberum vettvangi.“ Af þessu tilefni er rétt að rekja nokkuð langan aðdraganda að kaupum LV á hlutafé í Baugi.

- Á stjórnarfundi 21. ágúst 1998 greindi forstjóri stjórn sjóðsins frá sölutilboði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) og Kaupþings á hlutabréfum í Baugi sem þá var nýstofnað félag um rekstur matvöruverslanana Hagkaups og Bónus. Ákvörðun var frestað enda lá ekki fyrir á þeim tíma stofnefnahagsreikningur sameinaðs félags né milliuppgjör.
- Aftur var fjallað um hugsanleg kaup á hlutabréfum í Baugi á fundi stjórnar 16. október 1998. Farið var yfir rekstrar- og samrunaefnahagsreikning félagsins ásamt rekstrarspá FBA og Kaupþings fyrir árin 1998 til 2009. Jafnframt var farið yfir samantekt um félagið, verðmat og frávíksgreiningu í árlegum vexti rekstrartekna, kostnaðarverði seldra vara, ávöxtunarkröfu og áhrif þess á verðmat félagsins sem hafði lækkað frá fyrra tilboði til sjóðsins um kaup á hlutabréfum í félaginu. Niðurstaðan var engu að síður sú að þrátt fyrir lækkun verðsins væri það enn of hátt að teknu tilliti til áhættu og var því tilboði um kaup á bréfunum hafnað.
- Ekki var fjallað á stjórnarfundi um kaup á hlutabréfum í Baugi fyrr en 10. desember 1999 en þá var ákveðið að kaupa 4,5% hlut í félaginu. Á stjórnarfundinum var lögð fram yfirlýsing dagsett 9. desember 1999 undirrituð af stjórnarformönnum Baugs og Gaums þess efnis að *öll viðskipti milli félaganna eða fyrirtækja í þess eigu sem gætu falið í sér hagsmunaárekstra skulu koma til meðferðar hjá stjórn Baugs. Að ákvarðanir um slík viðskipti yrðu því ekki teknar af stjórnendum Baugs sem tengdir eru Gaumi og ekki heldur af undirmönnum þeirra í Baugi. Ef til viðskipta kæmi á milli fyrirtækjanna yrði að leggja alla slíka samninga fyrir stjórn Baugs samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins þar að lútandi.*

Eins og þessi aðdragandi að kaupum LV á hlutabréfum í Baugi ber með sér voru forsvarsmenn LV ekki í neinni þeirri stöðu að hafa áhrif á eða gera athugasemdir við kaup Gaums á Vöruveltunni 7. október 1998 né sölu Gaums til Baugs á fyrirtækinu 21. maí 1999. Þessi viðskipti eiga sér stað fyrir kaup LV á hlutabréfum í Baugi.

Lesendur þessarar greinar geta dregið sínar ályktanir af því hvers vegna stjórnendur LV töldu í desember 1999 eina af forsendum fyrir kaupum á hlutabréfum í Baugi vera fyrrgreinda yfirlýsingu stjórnarformanna Baugs og Gaums.

Árleg raunávöxtun LV af fyrrgreindum kaupum á hlutabréfum í Baugi var 10,5% en síðustu hlutabréfin í félaginu seldi sjóðurinn samfara afskráningu félagsins af markaði í maí 2003. Eignarhlutur sjóðsins hafði farið minnkandi ár frá ári og fór lægst í 1,9%.

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri  
Lífeyrissjóðs verzlunarmanna